

Vopnafjarðarhreppur  
Hamrahlíð 15  
690 Vopnafjörður

Reykjavík 2. júlí 2020  
UST202006-196/A.B.  
10.04.00

### **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026 og nýtt deiliskipulag – Þverárvirkjun og Vopnafjarðarlína 1**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Vopnafjarðarhrepps er barst 15. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingum á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026 og nýju deiliskipulagi vegna Þverárvirkjunar og Vopnafjarðarlínu 1.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreint er iðnaðarsvæði fyrir 6MW vatnsaflsvirkjun þar sem iðnaðarsvæðið samanstendur af stíflu, uppistöðulóni, yfirfalli, veituskurðum, þrýstipípu, stöðvarhúsi, frárennslisskurði og vegum. Auk þess gengur breytingin út á að fella út loftlínu frá sveitarfélagsmörkum við Fljótsdalshérað norðan Þjóðveggar nr. 917 og að mastri 247 í Böðvarsdal og gera ráð fyrir 66 kV jarðstreng í hennar stað. Einnig gerir tillagan ráð fyrir fjórum nýjum efnistöku- og efnislosunarsvæðum.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar dags. 24. september 2019 um það hvort og á hvaða forsendum Vopnafjarðarlína 1 skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar dags. 17. apríl 2019 varðandi frummatsskýrslu Þverárvirkjunar.

#### **Votlendi**

Umhverfisstofnun bendir á að strengleið Vopnafjarðarlínu 1 mun fara um votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd að hluta. Hægt er að sjá útbreiðslu votlendisins á kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://serstokvernd.ni.is/>). Umhverfisstofnun tekur undir þau markmið að til að halda raski í lágmarki verði strengur lagður í slóða og veghelgunarsvæði.

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að lega þrýstipípu og vegar meðfram henni vegna virkjunarframkvæmda fer að hluta um votlendi sem njóta verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga. Auk þess kemur fram að umfang áhrifanna er óljóst en útfærsla framkvæmda miðast við að halda raski votlendis í lágmarki, auk þess sem verklag miðar við að takmarka framræslu þess.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkna sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvirkni sem verða fyrir röskun.

### **Mótvægisáðgerðir**

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdum loknum skal lagt mat á umfang mýra sem kunna að hafa raskast vegna framkvæmdanna og ef í ljós kemur að mýrar hafi þornað upp á köflum er gert ráð fyrir að greiða til Votlendissjóðs upphæð sem samsvarar endurheimt á svæði sem er að minnsta kosti jafn stórt svæðunum sem raskast eða með að semja við aðila sem á land þar sem unnt er að endurheimta votlendi.

Umhverfisstofnun bendir á að hér er um að ræða beint rask af framkvæmdum á votlendi annars vegar og hins vegar afleidd áhrif. Umhverfisstofnun bendir á að þurrkáhrif framkvæmda geta komið fram á löngum tíma og ef leyfisveitandi mun binda framkvæmdaleyfi skilyrðum um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir og vöktun til að draga úr áhrifum á votlendið er mikilvægt að taka tillit til þess.

### **Fuglalíf**

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að fuglar sem nýta votlendi sem bú- og varpsvæði verða fyrir neikvæðum áhrifum vegna skerðinga á þeim og tekur

Umhverfisstofnun undir það og telur að áhrif verði varanleg og talsvert neikvæð á fuglalíf á svæðinu með raski á kjörlandi.

Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að með tímanum munu fuglar aðlagast breyttum aðstæðum. Umhverfisstofnun bendir á að í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að varðveita tegundir lífvera og erfðafræðilega fjölbreytni þeirra og tryggja ákjósanlega verndarstöðu þeirra þannig að tegundirnar nái að viðhalda sér í lífvænlegum stofnum til lengri tíma á náttúrulegum búsvæðum sínum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir séu fyrir utan varptíma eins og kostur er, en í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að sérstök aðgát skuli höfð í nánd við varplönd fugla.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að framkvæmdaraðili muni hafa samráð við Náttúrustofu Austurlands og Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi fuglalíf þegar ráðgert er að fara í framkvæmdir.

### **Vopnafjarðarlína 1 og frágangur**

Umhverfisstofnun bendir á að á Hellisheiði eystri má sjá verulegt rask eftir vegslóðir sem lagðar hafa verið að staurastæðum, sérstaklega í Skinnagili og í fjallinu Búri. Umhverfisstofnun telur að frágangur línustæðisins felist í því að freista þess að afmá þessar slóðir þegar staurar og leiðarar hafa veið fjarlægðir. Í gróðurlausum skriðum ætti ekki að mati stofnunarinnar að sá grasfræi og nota tilbúinn áburð, nema ef um einærar grastegundir er að ræða, þar sem gróskumikið graslandi mun stinga verulega í stúf við næsta nágrenni.

### **Stjórn vatnamála**

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímaværingu vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósvatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar er straumvatnið Þverá sem hefur vatnshlatsnúmerið 102-1312-R undir stjórn vatnamála. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Umhverfisstofnun bendir á að virkjanir flokkast sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshloti, en slíkar breytingar geta valdið álagi á lífríki.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

### **Fossar**

Í greinargerð kemur fram að ónefndur foss mun að mestu hverfa vegna áforma um að veita vatninu úr læk inn í lón Þverárvirkjunar.


Umhverfisstofnun bendir á að fossar falla undir b. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
teymisstjóri